

**41. fundur Hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 9. mars 2010 kl. 20:00 í Lundarskóla.**

Mættir

Ingvar Þóroddsson  
Hermann Karlsson  
Ingibjörg Gunnarsdóttir

Forföll

Ólafur Jónsson  
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir

Kynnt var svarbréf Akureyrarbæjar við erindi því sem nefndin sendi frá sér að loknum síðasta fundi í janúar. Málið sagt í vinnslu varðandi Þingvallastrætið og þá ætti einnig að ræða við Vegagerðina varðandi úrbætur á Borgarbrautinni.

Rætt var um hverfishátíðina. Ingvar kvaðst hafa verið í sambandi við tengilið skólans í þessum málum, Jóhönnu Einarsdóttur, um það að tengja þetta með einhverjum hætti inn í svokallaða vettvangsdaga sem væru almennt í lok skólaársins. Málið í skoðun í Lundarskóla.

Rætt var um breytingar á deiliskipulagi sem kynntar hafa verið er varðar íbúðabyggð ofan Eikarlundar og tengingu af Brálundi inná Miðhúsabrautina. Málið sett á bið í nefndinni.

Fundi lokið kl. 20:30

Fundargerð ritaði,

Hermann Karlsson